

KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

RITÞING

31. OKTÓBER 2009



KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

RITÞING

31. október 2009



Menningarmiðstöðin Gerðuberg

KRISTÍN MARJA BALDURSDÓTTIR

Þann 31. október 2009 sat Kristín Marja Baldursdóttir fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs. Stjórnandi þingsins var Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur. Í hlutverki spyrsla voru þau Ármann Jakobsson íslenskufraeðingur og Þórhildur Þorleifsdóttir leikstjóri. Silja Aðalsteinsdóttir bókmenntafræðingur las brot úr verkum Kristínar Marju.

Komin á svið fimm ára

Silja:

Áhugamál mín. Ef ég ætti að telja upp öll áhugamálin mín þá gæti ég alveg eins skrifað ævisögu mína. Það eru alveg merkilegir hlutir sem ég get haft áhuga á. Núna er ég með alveg hræðilegan áhuga á teikningu og ég veit ekki hvaða hlutur það er sem ég reyni ekki að krotta. Svo koma bækurnar næst. Og það er nú enn hroðalegri della. Það úir og grúir af bókum um alla íbúðina, inni í skápum, undir rúmum, á eldavélinni, hjá vaskinum, inni í matarskápum og jafnvel hef ég gengið svo langt að troða þeim inn í ísskáp í hugsunarleysi. Ég fer að halda að það endi með því að ég verði send á geðveikrahæli ef ég held svona áfram.

Svo er ég með leikaradellu, kvikmyndadellu og allt sem viðkemur leiklist. Ég fór á bíó á hverju kvöldi fyrir stuttu. Húsið var líka að springa í loft upp heima. Svo hef ég dálitla frímerkjalöngun í hjartanu og ekki má nú gleyma æsingunni ef einhver ný tíska

fæðist í heiminum. Þá er ég fyrsta manneskjan í að hlaupa heim og betla fyrir þessu fallega sem ég sá í búðarglugganum. Því miður verður svarið ekki alltaf „Já“. Nú er ég æst í að gerast hjúkrunarkona og hef verið það síðan ég var fimm ára. Helst vildi ég starfa meðal svertingjanna hjá Sameinuðu þjóðunum.

Mig langar ekkert til að giftast. Karlmenn eru hver öðrum leiðinlegri þegar þeir eru giftir. Svo held ég að ég gæti aldrei staðist að prófa að verða góð húsmóðir. Það fer kaldur hrollur um mig þegar ég fer að hugsa um krakkagrislinga, uppþvott, gólfþvott, stórpvott, stórhreingerningar, matartilbúninginn, baksturinn, bleyjuþvotta, ryksuga, þurrka af, laga til og rífast við kallinn! Nei, þá vildi ég heldur pipra og lifa góðu lífi. Ekki sakna ég karlkynsins, síður en svo.

Og svo að síðustu er eitt áhugamál sem ég elska og dái vegna yndisleika þess og það er hinn dásamlegi svefn. Ég gæti sofið til eilíffðar. Ég elska sunnudaga, þá fæ ég að sofa alveg eins og mig lystir. Aðeins verð ég að fara fram úr klukkan tólf í mat og skríða svo upp í aftur og liggja og sofa og láta mér líða vel þangað til kvöldmaturinn kemur.

Haldór:

Þetta er ein allra besta ritgerðin, alveg bráðsnjöll. Þú átt mjög auðvelt með að semja. Þú segir eðlilega og þvingunarlaust frá. Ef til vill endar það með því að eitt áhugamálið bætist við, það er að skrifa, segja frá, semja. Þetta hefði verið mjög skemmtilegt efni í annað hvort skólablaðið. Þú ættir að geyma bókina og sýna ritstjóra Frétta í haust ef þú hættir á það vegna skólabræðranna.

Kæru ritþingsgestir. Hjartanlega velkomin á ritþingið um Kristínu Marju Baldursdóttur og verk hennar. Hjá mér eru meðspyrjar mínir, Þórhildur Þorleifsdóttir og Ármann Jakobsson, og svo auðvitað aðalpersónan sjálf, Kristín Marja Baldursdóttir. Við skulum byrja á að klappa aftur fyrir henni.

Hér í upphafi heyrðum við Silju Aðalsteinsdóttur lesa ritgerð sem Kristín Marja skrifaði 13 ára gömul. Það kom svo í minn hlut að lesa umsögn kennarans um þessa sömu ritgerð sem var ótrúlega framsýn.

Þess vegna vildi ég spyrja þig í upphafi, Kristín, af því það er eitt viðfangsefnið á svona ritþingum að velta fyrir sér hvernig verður rithöfundur til: Voru örlög þín þarna ráðin, bækurnar komnar inn í ísskápinn og allt til reiðu?

Kristín Marja:

Þetta var náttúrulega mjög ýktur stíll þarna en það var eitthvað byrjað þarna, sko! En þetta með Afríku, það var einhver óskapleg þrá í mér alltaf að komast út. Ég var svo hrifin af útlöndum og ég var búin að sjá að það væri eiginlega langsniðugast að gerast hjúkrunarkona því þá gæti ég unnið hvar sem væri í heiminum en, þótt ung væri, þá vissi ég að maður þyrfti að vinna fyrir sér. En svo kom í ljós síðar að þetta væri alls ekki starf fyrir mig. Mér varð bara flökurt þegar ég sá blóð.

Haldór:

Það var eitt sem líka vakti athygli þegar við vorum að undirbúa þetta og ræða – af því ég leyfi mér að vera talsmaður hinna ævisögulegu rannsóknaraðferða hér – að þú ert barn mjög ungra foreldra?

Kristín Marja:

Já, svo ég segi nú rétt og satt frá því – móðir mín er Hulda Elsa Gestsdóttir frá Ísafirði og faðir minn Baldur Gunnarsson frá Hafnarfirði. Þau voru 18 og 19 ára þegar þau áttu mig, ári síðar systur mína en svo fór að leiðir þeirra skildu og ég fór í fóstur til föðurömmu og föðurafa. Og faðir minn var þá enn í foreldrahúsum, þannig að hann var þarna mjög ungur pabbi sem skipti sér náttúrulega af uppeldinu svona framan af eða þar til hann sjálfur kvæntist og eignaðist fleiri börn. Hvað móður mína snerti, þá hafði ég alltaf reglulegt samband við hana alveg fram á fullorðinsár og þar til hún fór. En ég ólst sem sagt upp hjá ömmu og afa og föður mínum. Afi dó þegar ég var fimm ára og þá skipti pabbi sér mjög mikið af þessu ásamt ömmu en hún var náttúrulega aðalstjórnandinn. Ég hef oft hugsað um það síðar – var pabbi sér svona meðvitandi um uppeldi eða kom þetta bara ósjálfrátt hjá honum? Eða var kannski svona mikill leikur í honum af því hann var svona ungur?

Haldór:

Var hann áhugamaður um myndlist?

Kristín Marja:

Hann hafði sjálfur mörg áhugamál. Hann var sjómaður, var lengst af vélstjóri á miklu aflaskipi, en hann hafði mjög mikinn áhuga á myndlist og mig grunar að hann hafi ætlað að verða myndlistarmaður. Hann hafði mikinn áhuga á tónlist, hann samdi ljóð og hann hafði áhuga á ljósmyndun. Svo hafði hann áhuga á skyldingum og boxi og þetta innleiddi hann allt saman. Þegar ég var svona fjögurra eða fimm ára, þá fékk ég alltaf að sitja og horfa á þegar hann var að mála og þá lét hann mig fá listaverkabækur til að drepa tímann. Hann lét mig skoða myndirnar og sagði mér frá málurunum og frá lífi þeirra. Hann talaði alltaf við mig eins og fullorðna manneskju, alltaf frá byrjun. Þegar ég var bara fimm ára þá þekkti ég alla frönsku impressjónistana með nafni og vissi allt um þá og þeirra líf og þeirra myndir. Svo var hann að kenna mér sjálfur að mála. Á kvöldin las hann alltaf upp úr H. C. Andersen, öll kvöld. Og svo kenndi hann mér að syngja, á ensku, það er mjög mikilvægt! Setti mig alltaf upp á stól og lét mig syngja þessa frægu slagara sem þá voru; „Seven lonely days“ og „What am I living for“ og þetta.

Haldór:

Varstu ekki komin á sviðið í Gúttó fimm ára gömul?

Kristín Marja:

Jú, jú, ég var alltaf með barnfóstru, hún hafði nú ekki svo lítil áhrif á mig heldur, Guðlaug Elísa Kristinsdóttir. Hún vissi um þetta með sönginn og var í Gúttó. Gúttó var mjög öflugt starf í Hafnarfirði, aðalfólkið var allt í Gúttó! Hún var að láta mig syngja á fundum og svo var einhvern tímann óskaplega mikill hátíðarfundur hjá góðtemplurum og skemmtikrafturinn brást og það var bara náð í mig. Ég man alveg eftir þessu kvöldi. Ég var klædd í rauðan kjól og mér sagt að ég ætti að fara í Gúttó að syngja. Mér fannst það allt í lagi, ég gerði allt sem Gulla sagði mér að gera. Og svo man ég að það var fullur salur af prúðbúnu fólki, allir í peysufötum og svo lyfti hún mér upp á sviðið og sagði: „Seven lonely days, núna“ og þá söng ég það náttúrliga. Svo kom hún með „What am I living for“ og ég söng það og gerði eins og pabbi því þegar maður söng það lag, þá átti maður aðeins svona að vagga sér. Hún var soldið kæn, hún Guðlaug, og sagði í lokin: „Heyrðu, nú syngurðu „Við hliðið stend ég eftir ein, ó elsku pabbi

minn““ og ég gerði það og þá man ég að þær tóku upp vasaklútana í salnum og þá horfði Gulla svona sigri hrósandi yfir!

Gulla kenndi mér líka ýmsar íþróttir. Það má ekki gleyma því, hún kenndi mér langstökk og þristökk og kúluvarp og allt saman.

Haldór:

Og box og skylmingar kunnirðu fyrir?

Kristín Marja:

Já, box og skylmingar komu frá pabba og maður var bara orðinn vel flinkur í þessu.

Haldór:

En það voru líka bækur á heimilinu?

Kristín Marja:

Já, afi var mikill bókasafnari og það gætti nú oft töluverðrar biturðar í röddinni þegar amma sagði: „Á kreppuárunum átti hann afi þinn oft ekki fyrir mat en hann átti alltaf fyrir bókum.“ Afi kom því bara að hjá manni að það eina sem skipti máli væru bækur og að það væri voða lítið varið í fólk sem ætti ekki bækur. Ég rétt man eftir honum, - hann dó, eins og ég sagði áðan, þegar ég var fimm ára en hann dekraði voða mikið við mig. Hann var þessi afi sem kom með brúðurnar að utan og fór niður í bæ og keypti á mann rauðan kjól og ég ein mátti ýta inn öllu safninu hans, öllum bókunum, það máttu börnin hans alls ekki, hann hataði það. Hann kunni *Njálu* utanbókar.

Pótt á heimsenda væri, ungfrú!

Haldór:

En þú sjálf, hvað fórstu að lesa og hver er lestrarsaga þín?

Kristín Marja:

Ég byrjaði að fara í bókasafnið sjö ára gömul. Ég las allar bækur og kláraði barnadeildina þegar ég var 11 ára. Ég byrjaði á ástarsögunum átta ára gömul, þá fór ég að stelast í sorphéftin, þið vitið Sannar

sögur og ástarsögurnar. Ég afgreiddi ástarsögurnar svona 15 ára og sakamálasögurnar svona 23ja ára. En ég man að fyrsta bókin sem hafði veruleg áhrif á mig var *Manntafl* eftir Stefan Zweig. Þar heillaðist ég alveg. Í kjölfarið kom svo *Klakahöllin* hans Tarjei Vesaas. Og svo í Kennaraskólanum þá fór maður að verða mjög hrifinn af Svövu Jakobs og svo man ég að það var kennari í Kennaraskólanum sem var að kynna okkur fyrir Gertrude Stein og var með æfingar í því að láta okkur skrifa eins og Gertrude Stein og ég varð alveg gríðarlega hrifin af þeirri konu. Þetta er nú svona það helsta sem ég las sem barn og unglingur.

Haldór:

Svo ferðu nánast sem unglingur, eða 18 ára, til Þýskalands í eitt sumar?

Kristín Marja:

Já, þá var ég í Kennaraskólanum og vinkona mín fór til Þýskalands. Ég hef alltaf verið heilluð af þýskunni. En það var þannig að barnfóstra mín var í Verslunarskólanum og ég var alltaf að hlusta á hana æfa þýskuna, hún las hana upphátt og lofaði mér að heyra og ég hreifst svo af þessu tungumáli og var ákveðin í að læra það. Nú, þegar mér bauðst að fara til Þýskalands þá var ég nú fljót og fór til hjóna í Freiburg im Breisgau. Ég var svona „haustochter“ eins og Þjóðverjarnir kalla „au-pair“, þeir hafa bara betra orð yfir þetta, náttúrliga! Hann var arkitekt og hún var meinatæknir, þau áttu fjögur börn og voru bæði í Bach-kórnum og voru Wagner-istar sem fóru alltaf reglulega á tónleika í Bayreuth. Svo voru þau miklir bókasafnarar. Ég man ekki eftir einu einasta kvöldi þar sem var horft á sjónvarp á þessu heimili. Það var kveikt á fréttum, hlustað á þær og búíð. Það var alltaf hlustað á klassíska tónlist á kvöldin og spjallað um lífið. Hann var alveg óskaplegur Íslandsvinur en hafði aldrei þorað að fara þangað af því hann var svo flughræddur. Þau höfðu mjög mikil áhrif á mig, þessi hjón.

Svo kem ég þarna að utan og byrja á því að fara á ball með skólafélögum mínum í Sjálfstæðishúsinu gamla við Austurvöll. Það er komið að síðasta dansi og þá kemur þessi ungi maður til mín. Ég hafði reyndar dansað við hann í Glaumbæ um vorið og ég segi: „Já, takk“ og við dönsum og svo þegar dansinn er búinn þá þakka ég bara

pent fyrir mig og þá segir hann: „Má ég ekki keyra þig heim?“ Og ég sem er þarna orðin mjög mikil heimsdama, búin að vera fjóra mánuði í útlöndum, segi með nokkru yfirlæti: „Nei, vinur minn, það er svo langt í burtu.“ Og þá segir hann: „Þótt á heimsenda væri, ungfrú!“ Hver fellur ekki fyrir svona orðum?

Haldór:

Og þetta gekk allt hratt fyrir sig eftir það, þrjú börn á þremur árum?

Kristín Marja:

Já, tveimur mánuðum síðar vorum við hringtrúlofuð, við vorum trúlofuð í heilt ár og þá giftum við okkur og svo eignuðumst við þrjú börn. Fyrsta dóttirin var að verða þriggja ára þegar seinni dæturnar tvær komu, tvíburar.

Í miðjum regnboganum

Haldór:

Á þessum árum ert þú í Kennaraskólanum. Hvað með hina listrænu drauma sem komu fram í upphafi? Hvernig lifðu þeir þetta allt af? Varstu með þetta í þér, að ætla að fara að skrifa?

Kristín Marja:

Já, ég skrifaði fyrstu smásöguna sjö ára, í skólablaðið, það var „Ungi með horn“. Svo var ég alltaf að skrifa í stílabækur og var alltaf að segja vinkonunum sögur og skáldaði og skáldaði. En mig langaði, held ég, meira í myndlistarnám. Svo komu þessir kennarar til sögunnar, þeir byrjuðu strax eftir þessa ritgerð, eins og Halldór Ólafsson, að hvetja mig. Svo kom ég í Kennaraskólann en menntunin þar var svo sniðug, svo fjölbreytt. Þar var til að mynda kennd myndlist svo við gætum kennt myndlist úti á landi síðar. Þarna voru kennarar eins og Benedikt Árnason og Gestur Þorgrímsson og Rúna. Og ég stóð mig best í myndlistartímunum og ég sá það á augnaráði þeirra að þeim fannst að ég gæti hugsanlega lagt út á þessa braut, svo ég var að hugsa um að gera það. Þá kom þarna annar kennari sem fór að hrósa mér fyrir ritgerð sem ég hafði skrifað um Hallgerði langbrók og það varð til þess að ég fór að hugsa að ég ætti kannski frekar að verða

rithöfundur. En svo stóð það líka í mér að fara kannski út í tónlistina svo ég fór að læra á píanó hjá Gísla Magnússyni. Fór líka einu sinni á leiklistarnámskeið þar sem Gísli Halldórsson kenndi. Það var mikið um að vera og ég vissi ekki alveg hvar ég myndi enda. Og ég held að það hafi ekki komið fyrr en ég var orðin þrítug að ég tók ákvörðun að ég ætlaði að verða rithöfundur.

Halldór:

Þá voruð þið búin að fara aftur til Þýskalands með alla familíuna og Björgvin handboltastjarna og þú heima?

Kristín Marja:

Já, það voru skemmtileg ár. Þá var honum boðið að koma út að leika handbolta. Ég var búin að vera að kenna og mér fannst þetta ægilega mikil hvíld að fara þarna út og vera bara með börnin. Ég hafði nú svolitlar áhyggjur af þeim, greyjunum litlu. Sú elsta þurfti að fara ein í skóla og hinar tvær á leikskóla. Ég hugsa oft um þetta, þetta voru ein bestu ár ævi minnar því þarna hafði ég í fyrsta skipti góðan tíma til að sinna þeim, greiða þeim almennilega áður en þær fóru í skólann á morgnana og svona. Þetta var bara mjög góður tími, þessi tvö ár.

En ég tók ákvörðun úti og það voru svolítið sérstakar kringumstæður. Ég var að ganga meðfram ánni Weser í Bremen með tveimur konum og börnunum okkar. Þær voru með mjög lítil börn og þær urðu sem sagt vitni að þessu. Við erum að ganga þarna og allt í einu sjáum við enda regnbogans. Þetta er svona grasflötur og síðan kemur svona skógarjaðar og regnboginn endar þar fyrir framan. Og við náttúrlega tökum allar á rás, hver sem betur getur, því maður mundi það náttúrlega úr sögum í gamla daga að ef maður kæmist fyrir enda regnbogans þá myndi þar vera gull og maður ætti að geta óskað sér. Það vill þannig til að ég er fljótust að hlaupa, þær komast ekkert áfram út af litlu börnunum svo þær vísa mér leiðina inn í bogann: „Nú ertu í miðjum regnboganum!“ Og stelpurnar mínar koma hlaupandi til mín og ég segi: „Þið eigið að óska ykkur einhvers, strax! Fljótar, áður en hann hverfur!“ En ég get ekki óskað mér neins. Ég er í svo mikilli geðshræringu yfir þessu en þá kemur bara allt í einu þessi eina hugsun: Já, ég ætla að verða rithöfundur!

Haldór:

En þú ferð síðan að skrifa, gerist blaðamaður á Morgunblaðinu?

Kristín Marja:

Já, það kom nú ekki til af góðu. Ég var kennari og þá var okkur boðið að koma til Noregs í ár og ákváðum að láta slag standa. Það var náttúrulega í kringum handboltann, eins og venjulega. Ég var ekkert eftirsótt! Og við fórum þangað og ég hugsaði með mér: Já fínt, annað tækifæri til að vera heima hjá börnunum, af því maður var alltaf að vinna. Og þá byrjaði ég að gera fyrstu drög að *Mávahlátri*. Ég hafði nefnilega fengið hugmyndina í Bremen. Ég hafði hugsað mér að skrifa heila skáldsögu þarna úti í Noregi, nú kæmi þetta allt saman loksins. Svo brast á með alveg skelfilegum kulda eftir áramótin svoleiðis að það voru bara mínus 25 stig þar sem við bjuggum í Kristiansand. Og Norðmenn með fullan sjó af olíu og tímdu ekki að kynda upp með henni! Þeir kyntu upp með viði í kakkelofnum. Þetta var bara eilíf barátta við að halda húsinu heitu og við vorum að deyta úr kulda! Og ég var svo hneyksluð að ég skrifaði þarna pistil og sendi hann til drengs á Morgunblaðinu, sem ég þekkti í gegnum íþróttirnar náttúrulega, Sigtryggs Sigtryggssonar, þar sem ég býsnaðist svolítið yfir þessu, að kynda upp með viði, og hann bauð mér að senda sér fleiri pistla. Svo ég fór að skrifa bréf frá Noregi og fór svona aðeins að fara inn í hugsanahátt og lífnaðarhætti Norðmanna. Þeir voru soldið sérstakir fannst mér. Ég lærði samt gríðarlega mikið af Norðmönnum og er alltaf að vitna í þá núna. Þetta er alveg framþjóð í mínum augum. En svo þegar ég kom til baka var mér boðið starf. Ég þáði það ekki strax, ég hélt áfram að kenna en fór síðan á Morgunblaðið.

Haldór:

Ég held það sé einmitt upplagt að við breytum til núna og fáum upplestur úr þeirri bók sem þú varst að byrja að skrifa. Silja, gjörðu svo vel.

Silja:

Aldrei fékkst úr því skorið hvernig kattagengið hafði komist inn. Líklegt var talið að einn stofuglugginn hefði verið opinn og þar hefði það smeygt sér inn, þótt ekki væri það sígild innbrotsaðferð Lúsa og hirðar hans. Agga aftur á móti bar illan grun í brjósti, en þagði.

Fæstum duldist hins vegar hvernig fyllibyttur komust inn, því þær örkuðu inn um framdyrnar um hábjartan dag.

Kunnuglegur kleinuilmur dró Öggu að eldhúsdýrum Mettu sem tók fegin boði hennar um aðstoð við að skera og snúa kleinum. Þær undu sér hið besta við baksturinn, tvær einar í húsinu, þegar Freyja kom siglandi upp gangstíginn í loðkápu, með herskara af drykkjurútum í eftirdragi. Þeir slöguðu á eftir henni, óhreindir en ákveðnir á svip, hrækjandi til hægri og vinstri á fölnaðar stjúpmæður í frosnum blómabeðum. Öggu setti dreyrrauða af skömm fyrir hönd fjölskyldu sinnar og Metta krossaði sig. Fyrir hópnum fór Jói Betu en lestina rak Gaui sígrenjandi.

Frúin stakk höfðinu inn um eldhúsgættina og lýsti ánægju sinni yfir kleinubakstrinum því hún hefði einmitt tekið nokkra svanga vesalinga með sér heim.

Ég kann ekki hafa dem í kökkenet, stamaði Metta, skelfingin uppmáluð.

Hvenær tókum við á móti gestum í kökkenet, elsku Metta? sagði Freyja og bað hana vesgú um að hella uppá og færa þeim kleinur inn í betri stofu. Hlandlyktin og brennivínsstækjan af gestunum barst inn í eldhús um leið og þeir gengu hjá. Þær í eldhúsinu horfðu rauðar og ráðvilltar hvor á aðra og Agga sagðist heldur drepast en að færa þessum fyllibyttum kaffi. Metta hrúgaði bakstrinum á bakka og stormaði svo rauk af henni inn í stofu.

De sidder i de broderede stole, sagði hún með grátstafinn í kverkunum þegar hún kom til baka og varð að tala dönsku í geðshræringu sinni.

Öggu var allri lokið, frúin var gengin af göflunum eins og hver maður gat séð. Til að sjá ósköpin með eigin augum læddist hún að stofunni og leit inn. Jói Betu sat í bróderaða rókókóstólnum, það fór ekki á milli mála, með krosslagða fætur eins og óðalsbóndi, tærnar út úr báðum leistum og reykti stóran vindil. Gegnt honum sat Gaui sígrenjandi í plusstól læknisfrúarinnar og í sófanum kúrði Tobbi spritt milli tveggja félaga sinna. Upp úr ógeðslegum fatalörfum sem engan lit höfðu lengur sást í þrútin andlit þeirra með svarta skeggrót og hárlufsur ofan í augum. Agga gat gubbað. Frænkan gekk á milli þeirra með kaffikönnu og skenkti í bollana af alúð.

Við erum allir sjómenn, frú mín, heyrði hún Jóa Betu segja rámrí

röddu. Og öll okkar ætt. Afi minn sigldi með franskri skútu til Bordó.

Það var langafi þinn, helvítis lygalaupurinn þinn, skrækti Tobbi spritt.

Skiptir það einhverju máli hvor kallinn það var, eru þeir ekki báðir steindauðir hvort sem er, vældi Gaui sígrenjandi.

Þú steindrepst líka, hálfvitinn þinn, ef þú hættir ekki þessu helvítis góli, sagði Jói.

Svona herrar mínir, við skulum ekki kýta, sagði Freyja vinsamlega.

Mikið er þetta yndisleg frú, andvarpaði Jói yfir samkunduna.

Hún er guðdómleg, mjálmaði Gaui grátklökkur.

Það segirðu satt, grenjuskjóðan þín, hélt Jói áfram, að minnsta kosti hefur guðdómurinn þarna uppi lítið sinnt okkur. Ekki dró hann okkur inn úr kuldanum í kleinur. Okkur hefur verið svo helvíti kalt undanfarið, náðuga frú, kalt inn að hjartarótum, satt best að segja, eiginlega er okkur ískalt ennþá, því er nú andskotans verr. Eiginlega þyrftum við að fá hjartadropa hjá doktornum, eða viðlíka mixtúru, þú býrð kannski svo vel að eiga eitthvað þvíumlíkt frú mín?

Líklega á ég eitthvað styrkjandi handa ykkur, sagði hún, gekk að vínskápnunum og dró fram stóra flösku með skrautlegum miða.

Karlarnir teygðu fram hálsinn og korrðu eins og dúfur.

Hvert þó í heitasta, þetta hef ég ekki bragðað síðan Kaninn fór, hneggjaði Tobbi.

Agga saup hveljur bak við hurðina þegar henni varð ljóst hverrar tegundar hjartadroparnir voru. Eitt augnablik hvarflaði að henni að hypja sig heim, því þar er enginn kenndur sem hann kemur ekki, eins og amma sagði, en hún endaði inni í eldhúsi hjá Mettu sem úðaði í sig kleinum í tómrri taugaveiklun. Hvorug sagði orð, þær biðu aðeins eftir ragnarökum.

Segi það ekki fleirum

Haldór:

Þetta var úr *Mávahlátri* og þegar sú bók kom út þá voru örlög þín ráðin. Þú ert búin að vera að vinna, þú ert líka í námi í Háskólanum, þið eruð að byggja hús og allt hvaðeina. Svo skrifarðu þessa bók með

Því öllu saman og eftir að hún kemur út þá gerist þú rithöfundur að atvinnu, er það ekki?

Kristín Marja:

Nei, ekki alveg strax en mjög fljótlega. *Mávahlátur* átti náttúrlega aldrei að koma út! Ég handskrifaði hana og þegar ég var að setja hana inn í tölvu þá las ég hana fyrir stelpurnar mínar. Síðan gekk svo illa að koma henni út hjá fyrsta útgefanda. Þá ákvað ég að vera ekkert að þessu. Ég ætlaði bara að eiga þetta handrit, fyrir börnin mín til að lesa seinna fyrir börnin sín og eitthvað svona. Það verður nú bara að segjast eins og er að það var dætrunum að þakka að bókin var send til útgefanda á endanum. Og þá sneri ég mér fljótlega að ritstörfunum. Bókin kom út '95 og ég var eitthvað áfram á Morgunblaðinu alltaf á sumrin en svo kom að soldið stórri ákvörðun. Jú, ég ætlaði að verða rithöfundur en svo kom þessi ákvörðun.

Þetta var '99 og ég var að koma með þriðju bókina mína og kom einn daginn niður á skrifstofu til Halldórs Guðmundssonar útgefanda, þú kannski kannast við hann úr þessum bransa! Og ég var bæði þreytt og ósofin og hafði vakað alveg til sex um morguninn því ég hafði verið að hugsa um hvað ég væri misheppnuð og að ég hefði átt að halda áfram í kennslunni. Ef ég hefði gert það þá hefði ég menntað mig meira þar og lært alla kennslufræðina og kannski getað endað sem prófessor eins og jafnöldur mínar! Ég var að sjá þær nefnilega sko, þær voru orðnar prófessorar. Mér fannst þetta alltaf svo fínt, bara toppurinn, maður gæti ekki náð lengra í lífinu. Og nei, í stað þess að halda áfram á þeirri braut þá bara óð ég út í blaðamenskuna, alltaf að skrifa eins og óð væri, á skítalaunum, alltaf að hugsa um þessa skáldsögu sem var þarna í kolli mér í stað þess að leggja metnað minn í að ná frama innan blaðsins, að verða svona stjóri eða fulltrúi eða eitthvað. Svo endaði ég bara uppi sem ekki neitt, bara sem rithöfundur! Mér fannst ég ekki bara misheppnuð, mér fannst ég bara alvarlega misheppnuð! Og þessu hafði ég vakað yfir til morguns og þetta hvíldi mjög á mér og þá hélt þessi Halldór langa tölu yfir mér um tilgang lífsins og sagði svo: „Gefðu ritlistinni tækifæri í fimm ár, þú sérð aldrei eftir því“. Nei, hann sagði: „Þú sérð alltaf eftir því ef þú gerir það ekki!“ Og ég tók ákvörðun í hjarta mér, þarna inni á skrifstofunni, – ég ætlaði að gera þetta. Maður var að taka ákvörðun

um að eiga ekki fyrir salti í grautinn, það var ekkert flóknara. En þegar ég var á leiðinni út þá kallaði gjaldkerinn á mig: „Heyrðu Kristín Marja, þú átt hérna smá upphæð hjá okkur“. Það voru 70 þúsund, ég man alltaf eftir þessu og þá fannst mér það vera svona eins og teikn um að ég hefði tekið rétta ákvörðun. Svo gaf ég þessu fimm ár og fimm árum síðar kom *Karitas* út!

En þetta var stór ákvörðun því framtíðin og afkoman er alltaf mjög óörugg þegar maður er rithöfundur á Íslandi, þar sem markaðurinn er nú ekki stærri en hann er. Þannig að maður tekur sjénsa og ég tók þarna einn stærsta sjéns lífs míns, kannski. Ég tók engan sjéns með því að giftast Björgvini, sko!

Haldór:

En *Mávahlátur* var náttúrlega bók sem aflaði þér geysilega margra lesenda og síðan kemur kvikmynd og allt hvaðeina, þannig að þar með vita íslenskir lesendur af þér og þú eignast mjög eindregna lesendur sem hafa fylgt þér síðan, ekki satt?

Kristín Marja:

Þetta fór nú allt framhjá mér á sínum tíma. Ég var agalega hissa þegar einhver sagði: „Þú slóst í gegn með *Mávahlátri*.“ Slóst í gegn! – ég varð ekkert vör við það á þeim tíma, mér var ekki sagt það og fann það aldrei. En ég var með einlægan ásetning þegar ég skrifaði *Mávahlátur*, ég var mörg ár að skrifa hana – átta ár. Þá hafði ég orðið fyrir soldið miklum áhrifum. Ég var þarna í Háskólanum að læra þýskar og íslenskar bókmenntir en sat alltaf á safninu og var að lesa allt sem Helga Kress var að skrifa og Gerður Steinþórsdóttir og fleiri. Þær opnuðu augu mín eins og Svava Jakobsdóttir gerði hér um árið þegar hún var með leikritið *Hvað er í blýhólknunum?* Það voru tímamót í lífi mínu þegar ég sá það verk. Ég var undir sterkum áhrifum og ég hafði hugsað mér að reyna einhvern veginn að ná til lesandans og pældi mikið í þessu með hvaða hætti. En í raun og veru þá fjallar *Mávahlátur* um fantasíu barnsins, hversu langt gengur barnið í að ljúga og ég ætlaði að reyna að fá lesandann með mér inn í þessa lygi. En svo kemur Freyja náttúrlega, hún er konan sem kemur frá nýja heiminum, á upprisudegi Guðssonarins, það gat nú ekki betra verið! Hún kemur ekki með neinar hugmyndir, hún bara gerir eitthvað sem boðar kannski nýja tíma. Svo var það náttúrlega spurningin: Eigum

við að trúa stelpurófunni eða var þetta allt saman bara skáldskapur og bull? Já, viljið þið spyrja eitthvað um það?

Ármann:

Var það alltaf hugmynd þín að skrifa söguna frá sjónarhorni barnsins?

Kristín Marja:

Já, það var alltaf hugmyndin. En það var svo skemmtilegt að þegar ég var komin í miðja bók þá var ég hætt að átta mig á Öggu sem sögumanni. Hún var bara einhver stelpa að flækjast alltaf þarna fyrir mér. En já, þetta sést alveg frá hennar sjónarhóli.

Pórhildur:

Þetta er séð með Öggu augum, þú getur samt ekkert vikist undan því að þetta er auðvitað séð þínum augum. En þegar *Mávahlátur* kemur út – eitt af því sem er skemmtilegt í *Mávahlátri*, að minnsta kosti fyrir okkur sem erum af þessu kyni – það er þetta fjölbreytilega persónugallerí kvenna sem er ekkert á hverju strái í íslenskum bókmenntum eða bókmenntum yfirhöfuð. Og bara til marks um hvað það er óvenjulegt og hvað við erum óvön að sjá heiminn fullan af konum út frá þeirra sjónarhóli, þá var sýnd leikgerð af *Mávahlátri* í Borgarleikhúsinu og það voru viðbrögð, ekki bara eins eða tveggja karlmannna heldur afskaplega margra – undrun yfir því að sviðið væri bara alltaf fullt af konum! Og þeim fannst þetta bara óþægilegt og það hvarflaði aldrei að þeim að við værum alltaf að horfa á sviðið fullt af körlum. Þannig að það sýnir bara hvað Kristín Marja kom með óvenjulegum hætti inn í íslenskar bókmenntir. Nú ætla ég aðeins að víkja að Freyju en ég verð að segja eina gamansögu af þessu tilefni fyrst. Ég leikstýrði þessari leikgerð og það hringdi til mín mektarmaður í íslensku menningarlífi og honum var óskaplega mikið niðri fyrir og hann sagði: „Pórhildur, ég vissi ekki að Kvennalistinn hefði haft það á stefnuskrá sinni að myrða karlmenn!“ Og þetta var náttúrlega svo þrungin spurning og svo margar mótsagnir og ég vissi varla hvernig ég átti að svara þessum ósköpum en mér varð helst fyrir að segja að ég hef ekki séð að það hefðist fyrir fólki að meta Shakespeare þó þar væru eilíf dráp! Þannig að það væri ekki í frásögur færandi þótt ein kona dræpi svo sem eins og einn mann. En Freyja var náttúrlega umdeild og flókin og hver er Freyja? – segðu okkur það!

Kristín Marja:

Já, það er nú svo skemmtilegt, ég hef aldrei sagt það – hver er Freyja? Er þetta bara álfkona eða er þetta kvenhetja úr fornsögunum, þið vitið með allt þetta hár, eða er þetta bara hörð businesskona frá Ameríku? Ég hef náttúrulega aldrei gefið þetta upp og svo fór ég einn daginn að hugsa: Skrattinn sjálfur, ég gæti náttúrulega bara drepist án þess að hafa upplýst þetta og enginn fattaði þetta. Þannig að ég blaðraði því í eina dóttur mína. Ég gaf henni svona tips þangað til hún var búin að þreifa sig áfram. Og svo sat ég einhvern tímann ekki alls fyrir löngu hjá Silju Aðalsteinsdóttur og blaðraði þessu öllu í hana og mér er alveg óskiljanlegt af hverju ég gerði það. En ég ætla ekki að segja það fleirum!

Pórhildur:

Noh! Megum við þá kalla Silju til?

Kristín Marja:

Ég segi bara við þig, Silja mín, eins og amma mín sagði við mig: „Þú tekur þetta með þér í gröfina.“

Pórhildur:

Svo mörg voru þau orð!

Haldór:

Þarna fórstu alveg með okkur! Við tókum á þessu í hléinu, ræðum þetta aðeins og undirbúum þá líka seinnihlutann. Nú er hins vegar komið að því að við fáum að heyra tónlist en fyrst vildi ég segja ykkur frá því að í dag kemur út ný bók eftir Kristínu Marju og hún er til sölu hér í hléinu og höfundur og Freyja og Silja munu árita! En fyrst ætla Bryndís Halla Gylfadóttir og Steinunn Birna Ragnarsdóttir að spila fyrir okkur og að þeirra leik loknum þá gerum við hlé og byrjum síðan stundvíslega klukkan 3. Bryndís Halla og Steinunn Birna, gjörið svo vel!

Bryndís Halla og Steinunn Birna spila Næturljóð e. Chopin, Nótt e. Árna Thorsteinsson, Litanei e. Schubert og katalónskt þjóðlag í útsetningu Pablo Casals.

HLÉ

Allt mitt líf hefur verið fagurt

Ármann:

Sumir rithöfundar hafa sagt að önnur bókin sé erfiðust að skrifa. Frá þér kom *Hús úr húsi*, tók við af *Mávahlátri*, um hana Kolfinnu sem bíður skipbrot og flytur heim til móður sinnar og fer að þrifa hjá ókunnugu fólki. Þetta er svolítið skemmtileg bók finnst mér, ég hef alltaf haldið svolítið upp á hana. Maður sér í henni þennan stéttarmun sem skiptir líka máli í *Mávahlátri* og það er líka tekið skemmtilega á kynslóðabilinu í þessari bók. Sjónarhornið er mjög lengi hjá Kolfinnu og mamman er svona hálfpartinn illa misskilin. Og svo finnst mér líka áhugavert þetta sjónarhorn sem skapast af þrifunum. Manneskja fer að þrifa hjá öðru fólki, hvernig leið er það til að kynnast þeim? Þetta er eiginlega eina bókin sem ég man eftir sem fjallar um þetta. Hvað vakti nú fyrir þér með þessari sögu?

Kristín Marja:

Jú, það bjó í mér einhver reiði. Ég var svo reið yfir þessum tíma sem konur höfðu eytt í að þrifa undan öðrum því að það skýrði kannski best hvers vegna engar frægar listakonur voru til. Hvers vegna voru til allir þessu frægu listamenn og vísindamenn, Picasso og strákarnir, en ekki neinar frægar listakonur? Þær höfðu náttúrliga farið með svo mikinn tíma í að þrifa og reka heimili.

Mig langar í því sambandi að vitna í þá listakonu sem hefur kannski haft mest áhrif á mig en það er franska listakonan Louise Bourgeois. Hún er frönsk, fædd árið 1911 en flutti til Bandaríkjanna, hefur starfað þar sem listamaður og er enn að, að nálgast hundraðasta aldursárið. Hún giftist og eignaðist börn en hún sagði: „Mér finnst sú skylda að reka heimili nánast yfirþyrmandi. Þú verður að vera svo þolinmóður, hagsýnn, atorkusamur og úrræðagóður.“ Þetta er náttúrliga akkúrat það sama og maður þarf á að halda í listinni nema þetta með hagsýnina! En þarna blundaði þetta í mér, þessi óhemju tími sem fór alltaf í þessi störf. Og svo var það að ég vildi skrifa sögu um stúlku því mér fannst svo margar stúlkur á þessum árum vera

svolítið stefnulausar. Þær ollu mér svolitlum vonbrigðum af því ég hélt alltaf að yngri konur myndu koma og halda áfram frelsisbaráttunni en þetta datt allt niður þarna á tíunda áratugnum, einmitt þegar ég var að skrifa þetta. Þannig að ég vildi skrifa sögu um stúlku og lýsa hennar bæði innra og ytra ófrelsi. Umhverfið hefur alltaf skipt gríðarlega miklu máli hjá mér, kannski bara af því ég sé þetta alltaf í myndum. Fyrst var það umhverfið sem lokaði hana af, Þingholtin, hún komst aldrei út úr Þingholtunum. Það lengsta sem hún komst var upp í Háskóla, bara til að fá að þefa af þeim sem þar voru. Og svo var það innri hringurinn. Það var þríhyrningurinn þarna, þetta fólk og svo gamla konan utan við sem stjórnaði þeim í raun og veru. Þetta fólk stjórnaði henni alveg, gjörsamlega stjórnaði hennar lífi. Og hún var allt í einu dottin inn í þetta, bara stöðugt að þrifa hjá þeim á meðan þau blómstruðu náttúrlega á sínu sviði. Þetta var svona hugmyndin og ég man það líka að ég var voðalega ánægð með þessa bók, því mér fannst ég koma að þínulítili heimspeki kvenna. Maður var alltaf búinn að hlusta á þessa heimspeki karla náttúrlega, sem þeir hafa skrifað öldum saman, en þarna kom ég þessu að.

Svo var ég líka að reyna að skrifa eftir myndlist sem hafði haft mikil áhrif á mig og þá fyrst og fremst myndir eftir Bourgeois. Fyrsta myndin er *Cell 1* sem hún gerði 1991 og þar sér maður inn í herbergi sem er eins og yfirgefið. Það er rúm og það er stóll og það er borð en það er auðsjáanlegt að það er kona sem hefur búið þarna og hún lítur á þetta herbergi sem klefa. Hún er náttúrlega að vísa þarna mjög greinilega til móður sinnar. Og þarna vildi ég lýsa þegar hún fer að átta sig loksins, hún reynir að átta sig á hvert er innihald lífsins og hvað er það mikilvægasta.

Það var gömul kona sem sagði: „Allt mitt líf hefur verið fagurt“ og það var kannski kveikjan að þessari bók. Ég var blaðamaður, bara rétt nýbyrjuð sem blaðamaður og nýbyrjuð að skrifa *Mávahlátur*, þegar ég tók viðtal við gamla konu og eftir viðtalið þá keyrði ég hana heim, hún bjó í Garðabæ. Það var snjór og skafrenningur og þessi níraða kona sat þarna við hlið mér, svona agnarlítil og sagði ekki neitt, þreytt náttúrlega eftir viðtalið en sagði svo allt í einu: „Allt mitt líf hefur verið fagurt.“ Mér varð svo mikið um því ég hugsaði: Get ég sagt þetta sjálf, ef ég verð nú svo heppin að komast á þennan aldur, get ég

sagt þetta? Og ég varð bara að skrifa um þetta bók. Ég vissi að ég myndi skrifa um þetta bók. Þarna var Kolfinna svona í þann veginn að uppgötva megininntak lífsins og hennar nánasti var náttúrlega móðirin. Þarna byrjaði ég fyrst á þessu móður-dóttur-sambandi. Mér finnst það soldið spennandi líka!

Ármann:

Það er mjög vel gert í þessari bók því það er svolítið eins með lesandann og Kolfinnu. Kolfinna er svo upptekin af þessu fólki sem hún er að þrifa hjá að hún sér eiginlega ekkert mömmuna. Og við sjáum hana ekki heldur fyrst þegar við lesum bókina. Svo skyndilega sér hún hana og þá er það svona eins og högg framan í hana. Það var eitt af því sem mér fannst merkilegast þegar ég las bókina fyrst, hvernig þú gabbaðir mig sem lesanda til að vera eins og Kolfinna, bara taka ekki eftir móðurinni sem var stórmerkileg!

Feikilegt hörkutól

Ármann:

En svo í kjölfarið kom Þórsteina og það var soldið gaman að þeirri bók líka, *Kular af degi*. Það er fyrsta fyrstu persónu frásögnin sem þú leggur í. Það hlýtur að vera soldið átak að skipta um frásagnaraðferð. Af hverju tekurðu upp á því, skyndilega?

Kristín Marja:

Málið er að þegar ég byrja að skrifa þá geri ég alltaf mörg uppköst fyrst og þá er ég að þreifa mig áfram með hvort ég eigi að skrifa í fyrstu eða þriðju persónu eða hvernig ég eigi að fara að þessu og svo bara einhvern veginn á endanum allt í einu finn ég tóninn.

Hús úr húsi hefði alveg getað verið í fyrstu persónu en það bara hentaði ekki þarna. Þegar ég var að skrifa um Þórsteinu þá fannst mér allt í einu fyrstu persónu frásögnin vera meira afhjúpanði og svona ögrandi en samt kannski gæti verið einlæg. En þarna þurfti hún að vera soldið ögrandi vegna þess að Þórsteina er kona sem hafnar því að vera fórnarlamb. Hún segir sjálf einhvers staðar í bókinni að útlendir kvikmyndaleikstjórar séu búnir að gera konur að fórnarlömbum. Það

er alltaf verið að pynta þær og nauðga þeim og taka þær í gegn á allan hátt. Og þetta eru náttúrlega bara karlar úti í heimi sem eru að reyna að græða pening, þetta er nú ekkert flóknara en það. En Þórsteina hafnar þessu. Hún er ekki fórnarlamb. Hins vegar er það sem sagan snýst um að hún fær inn á gafl til sín fórnarlamb. Hún ætlar að byggja sér sína veröld, fagra veröld – það er enginn sem stjórnar henni – hún er ein og sækir menninguna sína til útlanda. En hún finnur að þjóðfélagið er að byrja að rotna innan frá. Það var kannski ástæðan fyrir því að ég gerði hana að kennslukonu, ég náttúrlega sjálf með reynslu þar, vissi hvað klukkan sló og svo vildi ég líka koma henni beint í uppsprettuna. Ég get alveg sagt ykkur að ég fann að það var eitthvað byrjað að rotna og nota það náttúrlega þarna með Þórsteinu. Alltaf þegar þjóðfélög byrja að rotna innan frá þá sést það fyrst í uppsprettunni sem eru börnin og unglíngarnir. Þá byrja þau að vera soldið svona tætt, þá fer sálarlíf þeirra að fara illa. Og þarna sem sagt lendir hún í iðunni. Þetta var kannski líka til að segja okkur að þótt við reynum sjálf að skapa okkur fagurt líf og fallegan heim með menningu að utan og það allt, þá geta aðrir sem eru tengdir okkur orðið fórnarlömb og við þurfum að taka afstöðu og það er það sem Þórsteina gerir, hún tekur afstöðu.

Ármann:

Mér finnst líka svo skemmtilegt að sem sögumaður þá er hún feikilegt hörkutól og hún er alltaf að koma því á framfæri til þess sem er að hlusta og lesa: „Ekki reyna að abbast upp á mig“. Töffaraskapurinn lýsir af hverju orði, nánast. En svo hefur hún - og það náttúrlega gefur bókinni svolitla dýpt - hún hefur líka þessa réttlætiskennd sem er einhvern veginn meiri en réttlætiskennd þeirra sem eru í kringum hana og eru ekki svona miklir töffarar. Hún lendir í svolítið sérkennilegri stöðu í raun og veru því hún er búin að búa til svona fullkominn ramma af töffaraskap kringum sig en svo, af því hún hefur líka réttlætiskennd, þá þarf hún að gera eitthvað, þá þarf hún að fara að skipta sér af skyndilega. Þetta finnst mér svolítið skemmtilegt við þessa bók. Ég ímynda mér að þú hafir valið fyrstu persónu frásögn af því að hún er svo skemmtileg. Fyrsta persóna þarf náttúrlega að vera svolítið skemmtileg til þess að geta haldið athygli manns í 150 eða 200 síður eða hvað hún nú er bókin. Og hún þarf líka að vera svolítið útfarin að blekkja okkur og sviðsetja sjálfa sig og Þórsteina gerir mikið af því.

Kristín Marja:

Já, hún tekur sjálfa sig ekki mjög hátíðlega – hún er soldið að grínast. En það voru nú ekki allir sem höfðu samúð með þessari konu, get ég sagt þér, enda ætlaðist ég ekki til þess.

Haldór:

Ég held að þetta sé alveg upplagður inngangur í næsta stóra söguheim þinn og við fáum Silju til að lesa úr *Karitas*, gjörðu svo vel.

Silja:

Þegar fyrirgangurinn á Sigmari var hvað mestur hlakkaði Karitas til að losna við hann á vertíðina. Þótt margir mánuðir væru þangað til. En þá flögraði það líka að henni að úr því að hún hlakkaði til að losna við hann gæti henni tæplega þótt mikið vænt um hann. Meðan hún gekk til verka braut hún heilann um óljósar langanir sínar og stundum, þegar hún sat inni á rúmi og var að gefa Jóni, týndi hún sér í dagdraumum, gældi við þá hugsun að fara suður og setja upp atelier, móðir hennar mundi örugglega taka vel á móti barnabarni sínu, og meðan hún liti eftir Jóni gæti hún sjálf málað. Þótt fólk vildi kannski ekki listrænu myndirnar hennar gæti hún án efa framfleytt sér með portrettmálun, hún mundi láta sig hafa það að mála portrett þótt henni leiddust þau. Kannski gæti hún safnað fyrir Rómarferð. Séð öll listaverkin sem Rómarfarar í Kaupmannahöfn sögðu henni frá. Hún sá þau fyrir sér, sá líka hallirnar og fornminjarnar, kýprustrén, ólívutrén, ávextina sem spruttu á trjánum og fólkið sem var svo fallett að því er henni skildist, og svo glaðsinna og söngelskt. Það gerði víst sólin sem skein alla daga, menn gátu víst ekki stillt sig um að syngja í mikilli sól, og hún sá sjálfa sig njóta lystisemdanna, sumarklædda og brosmilda, og hún hugsaði svo fast og lengi um Róm að hún gleymdi Jóni litla sem notfærði sér aðstöðuna, fékk sér sopa í tvígang og lúrði sæll milli gjafa. Sigmari brá aldrei fyrir í dagdraumum hennar, gekk ekki svo mikið sem einu sinni með henni um götur Rómar. Það þótti henni merki um að hún yrði að þræða þá slóð ein. Sennilega yrði best að hún hyrfi suður á útmánuðum meðan hann væri á vertíðinni, þá yrðu minnst lætin. Síðan gæti hún sagt honum það skriflega að hún bæri engan hug til hans lengur. En Jón mætti hann heimsækja þegar honum hentaði. Eða henni. Svo

viss var hún um hug sinn til Sigmars á slíkum stundum að hún varð agndofa þegar annað kom í ljós.

Þá skein sólin um hánótt, en það gerði hún víst aldrei í Róm, og menn fóru að syngja og dansa. Samkoman byrjaði þó með erindi og kappræðum að vanda og endaði með dansi og tralli fram undir morgun. Enda ekki annað hægt úr því að menn voru að koma saman á annað borð. Gleðskapur og dans voru Sigmari að skapi, ekki síst eftir kappræður sem honum fannst gaman að hlusta á þótt hann kærði sig ekki um að taka þátt í þeim sjálfur, „oftast er þetta óþarfa mas um ekki neitt,“ en Karitas fýsti ekki að fara á þessar samkomur heimamanna, síst af öllu með brjóstin full af mjólk. Hún sat því heima í kvöldsólinni þegar Sigmar fór, sát við þá tilhögun, búin að taka fram trönurnar og eyða löngum tíma í skissur, þvottasnúrnar voru enn að erta huga hennar, þegar tveir piltar á tvítugsaldri birtust í dyrunum með Káru hálfviðutan á milli sín, kötturinn hafði stokkið af öxl hennar, ekki kært sig um að vera lánaður í hús, og sögðu dálítið óðamála en þó mjög ákveðið að Sigmar hefði sagt að hún ætti að koma eins og skot upp í samkomuhús og láta Káru líta eftir drengnum á meðan. Karitas náði ekki upp í nef sér: hvað á þessi frekjugangur að fyrirstilla? Kára áttaði sig þegar hún sá viðbrögð Karitasar: já, hvaða fígúrugangur er þetta? Piltunum var sagt að hunskast uppeftir aftur og segja Sigmari Hilmarssyni að ráðskast með einhverjar aðrar en þær. Þá sögðu piltarnir um leið og þeir þokuðu sér vandræðalega út úr dyrunum að Sigmar hefði sagt þeim að segja að ef hún vildi ekki koma með þeim mundi hann bara koma sjálfur og sækja hana og bera hana í bóndabeygju uppeftir. Þær fustuðu bara.

Kára var komin upp í kot sitt aftur og Karitas tekin til við vinnu sína á nýjan leik þótt henni væri ekki rótt, hún þekkti ákveðni mannsins frá fyrri tíð, hann var vanur að sækja það sem hann langaði í, þegar hann birtist sjálfur. Kom klofandi yfir hlaðið með Káru í eftirdragi. Án þess að hafa um það nokkur orð dró hann hana að vöggunni, sleppti þar af henni takinu, sneri sér að Karitas, grettinn sem tröllkarl, tók hana í bóndabeygju og snaraði sér með hana út. Hún var enn með blýantinn í hendinni. Bræðin sauð í henni á leiðinni uppeftir, hún var ógreidd á hvunn dagspilsinu, hún

horfði á vanga hans, hugsaði um hvernig hún ætti að kála honum þegar þetta væri yfirstaðið, hann herti takið eins og hann vissi hvað hún væri að hugsa en horfði þíreygður beint framfyrir sig og þaut með hana yfir tún og torfærur. Spóinn flautaði á þau, það ískraði í hrossagauknum, hundar spruttu á lappir með lafandi tungu, eltu þau ærslafengnir, svo heyrðist dynjandi dansmúsikin frá samkomuhúsinu, hópur stóð utandyra og staupaði sig, og hann herti enn takið, hljóp við fót síðasta spölinn, ruddist gegnum hópinn og inn í hús, út á mitt gólf og lét hana niður. Hún stökk upp og gaf honum utanundir. Hann skeytti því engu, greip báðum höndum í pilsstreng hennar að aftanverðu og sveiflaði henni í dansinn. Hún neyddist til að leggja hendur á axlir hans til að hrasa ekki.

Þau dönsuðu og svitnuðu, sólin settist og kom upp aftur, nóttin var ung, og þegar harmonikkuleikarinn gafst loks upp fóru menn út í morgunsólina nývaknaða, elskendur leiddust hönd í hönd út á roðagyllt björgin þar sem þeir settust niður og sögðu hvor öðrum frá draumum sínum. Karitas og Sigmar fylgdu í humátt á eftir, leiddust feimnislega eins og þau hefðu rétt verið að kynnast og þögðu því þau voru sátt og hvorugt vildi verða fyrra til að segja eitthvað af ótta við að það gæti valdið nýju ósætti. Í dansinum hafði hann margsinnis hvíslað í eyra hennar hversu fögur hún væri, hversu mikið hann þráði hana og elskaði, hann kunni þetta, hann Sigmar, og smám saman hafði henni runnið reiðin. Það hvarflaði ekki að henni lengur að kála honum.

Að gera samtímakonur hugsí

Þórhildur:

Já, þá er komið að þessum stóru verkum, *Karitas* og *Óreiðu á striga*. Ég ætla að nota aðstöðu mína þótt það sé kannski ekki fallett og segja að mér finnst að með þessum bókum þá skipi Kristín Marja sér á bekk með okkar alfremstu rithöfundum fyrr og síðar. Það væri freistandi að lesa allan þennan bunka sem ég er með hérna af því þetta er allt það sem Kristín Marja er að tjá sig um sig og list sína en það er víst því miður ekki tími til þess. En ég ætla bara að grípa hérna niður. Hún segir hér:

Ég hafði hugsað mikið og lesið um líf íslenskra kvenna og stöðu þeirra í samfélaginu. Mér fannst þær sterkar að því leyti að þær voru vinnusamar og þrautseigar en ég furðaði mig á vanmetakennd þeirra og undanlátssemi. Á tíunda áratugnum glutruðu þær niður jafnréttisbaráttunni. Allt snerist um útlit og það að vera nógu sexí enda voru öll tímarit og sjónvarpsþættir sem áttu að höfða til kvenna yfirfull af leiðbeiningum í þá veru ... Það vildi þó svo til að Ísland hafði átt nokkrar sjálfstæðar konur þrátt fyrir allt, jafnvel í byrjun síðustu aldar og mig langaði til að draga fram líf þeirra ef vera skyldi að það gæti gert konur samtímans hugsí.

Hvað vakti fyrir þér með *Karitas* og hvernig var leiðin að henni? Þetta er svo víðfeðm saga og mikið verk og okkur langar að fá aðeins að heyra hvernig hún varð til.

Kristín Marja:

Ég var dálítið sjokkeruð þarna á tíunda áratugnum. Þá var ég blaðamaður og ég fylgdist vel með tímaritum erlendum og umræðunni og ég sá að það var eitthvað að gerast. Og þetta fór í taugarnar á mér því ég hafði fengið sjálf svo mikla fræðslu þarna frá Svövu Jakobsdóttur og öllum þessum konum í Háskólanum og einhvern veginn höfðu þær haft áhrif á mig og breytt mér. En þarna var eitthvað að gerast bara! Og þá bara varð ég að skrifa þessa sögu. Þá hafði ég lengi verið að hugsa um söguna sem amma sagði mér af móður sinni sem hafði siglt hringinn í kringum landið árið 1915 með þeim ásetningi að mennta börnin sín. Hún var þá nýorðin ekkja. Og þetta sat í mér. Hún sigldi þarna frá Ísafirði með börnin sín, ákvað að fara til Akureyrar og koma þeim þar í skóla og þegar hún var komin fyrir Horn þá varð skipið að snúa við sökum háfiss. Allt í lagi, til Ísafjarðar aftur og hvað sagði hún þegar fólkíð fór að hæðast að henni fyrir þetta feigðarflan með börnin, hvort því væri lokið? Þá sagði hún: „Nei, ég fer bara hringinn!“ Það þýddi það að hún þurfti að sigla suður fyrir allt landið, austur fyrir landið og þá leið til Akureyrar. Sko, þetta var svo mikil seigla og þetta var svo á skjön við það andrúmsloft sem ríkti þarna á tíunda áratugnum, þennan vælugang, að mér fannst ég einhvern veginn verða að hefja söguna svona.

En þetta var nú kveikjan og ég hugsaði: Ég byrja á þessari sögu. Og

Þetta var bara sama dag eiginlega og *Mávahlátur* kom út, sem ég ákvað þetta. Og ég var lengi að möndla þetta með mér og byrjaði að lesa allar heimildir, þótt ég vissi ekkert hvað ég ætlaði að gera við þetta og fór í gegnum allar endurminningar Íslendinga held ég og skrifaði tvær eða þrjár bækur í millitíðinni. En alltaf hvíldi þetta á mér, þetta var orðið eins og þeir kalla „mission“. Svo fannst mér líka gert svo lítið úr vinnu kvenna alltaf. Það var eins og þær hefðu ekkert gert til að gera þetta þjóðfélag svona ríkt. Við vorum eitt fátækasta þjóðfélagið í heimi hér fyrir 100 árum, allt í einu vorum við orðin velferðarþjóðfélag og það er aldrei minnst neitt á konur, bara eins og við hefðum ekki verið til. Svoleiðis að ég vildi skrifa bók frá síðustu öld sem segði frá konunum og hvernig þær lifðu og sjá öldina frá þeirra sjónarhorni.

En þetta með Karitas, hvernig kom það til að hún yrði listakona, kannski var það þessi mikli listaáhugi minn – ég hugsaði að þarna gæti ég kannski fengið smá útrás fyrir mína listaþörf fyrst ég lagði ekki út á þessa braut sjálf ... mér kannski liði aðeins betur! Svo var ég búin að sjá skissubók sem Kristín Þorlákisdóttir átti. Hún var náttúrlega embættismansdóttir sem fór til Kaupmannahafnar – líklega bara til að geta búið manni sínum fagurt heimili – það voru nú ekki meiri kröfur gerðar til kvenna þá. Hún var nú samt einn af brautryðjendum Íslendinga í myndlist. Þá ákvað ég að þetta yrði listakona því þá yrði þetta ennþá erfiðara. Þá þyrfti hún ekki bara að berjast við samfélagið og landið og ástina, heldur líka listina. Ég vildi hafa þetta bara nógu erfitt! Það fóru fjögur ár í undirbúning og ég gerði ekkert annað en að lesa, varla nóteraði, bara las og las. Ég þurfti náttúrlega að fara mjög náið og mikið í gegnum alla kvennalistasöguna. Ég byrjaði að skrifa þetta svona 2000 eða 2001 og var búin 2007 með báðar bækurnar. Það er gaman að segja frá því að alltaf þegar ég var að gefast upp, því ég var alltaf að gefast upp, þá dattu alltaf einhverjar bækur í fang mér, hingað og þangað og meira að segja dagbækur frægra listakvenna eins og Käthe Kollwitz, Paula Modersohn-Becker og Georgia O’Keeffe. Þær komu allar upp í hendur mér, einhvern veginn. Það var alltaf eins og einhver væri að ota einhverju að mér þegar ég var alveg að gefast upp á þessu. En svona var þetta nú og það voru þessi vonbrigði sem ég fann fyrir á tíunda áratugnum. Það var allt farið að snúast um kynlíf og materialisma. Þórsteina spratt líka upp úr þessu umhverfi.

Flestir elska list

Pórhildur:

Pú segir í einni grein: „Ég hef aldrei fundið samkennd með kvenpersónum sem karlar hafa skapað, hversu frægar og dáðar sem þær nú eru í bókmenntasögunni. Hins vegar finnst mér karlmönnum takast vel upp þegar þeir lýsa konum utan frá.“ Pú segir þarna að þig langi til að skrifa sögu sem geti hjálpað konum til að glöggva sig á sjálfum sér og styrk sínum og sínu framlagi, sem þær kannski koma ekki auga á sjálfar. Þá langar mig að spyrja þig: Af hverju ferðu tvisvar út á jaðarinn, það er að segja annars vegar með því að skrifa um konu og hins vegar með því að skrifa um listakonu? Eru margar konur sem geta samsamað sig með því eða er eitthvað í hlutverki listakonunnar sem þér finnst þá að allar konur geta samsamað sig með?

Kristín Marja:

Já, það var kannski bara til þess að baráttan yrði miklu erfiðari. Þetta eru svo sterk öfl, bæði ástin og listin, og konur eru alltaf að glíma við ástina. En samt eru þær kannski nákvæmlega eins og karlmenn, þær þróa að verða eitthvað, gera eitthvað, hafa þessa löngun og það lá náttúrlega beinast við að taka þessa listalöngun, það var eiginlega það sem vakti fyrir mér.

Það er tíminn sem skiptir öllu máli því sá sem stjórnar tímanum, hann hefur valdið. Ástin tekur gríðarlega mikinn tíma, hún tekur alveg jafn mikinn tíma og listin. Og af því að það er alltaf verið að spyrja mig að þessu og ég veit það hvílir á mörgum lesendum: Hvernig gastu látið hana taka listina fram fyrir Sigmar? Og svo er hún alltaf óhamingjusöm og alltaf þegar hún sér hann finnur hún þennan sársauka í brjóstinu. Er það ekki frumskilyrði hvernar manneskju að vera hamingjusöm? Skiptir það ekki máli númer eitt? En þótt hún hefði valið Sigmar og farið með honum til Akureyrar og verið þar fín frú í fínu húsi og haft risið til að mála, svona eins og henni hentaði, þá hefði hún, eins og Bourgeois sagði, hún hefði alltaf þurft að reka heimilið. Og svo hefði hún bara farið í ferðalag með honum Sigmar sínum, suður til Reykjavíkur, kannski komið við í Listamannaskálanum, horft þar á myndir sem aðrir máluðu og þá hefði hún fundið sama sársaukann.

Pórhildur:

Þú hefur sem sagt ekkert haldið að þú myndir með þessum hætti kannski fjarlægja söguna obba lesenda, þeim fundist þetta ekki vera þeirra líf eða þeirra saga?

Kristín Marja:

Ég hafði nú eiginlega bara engar áhyggjur af því. Ég var bara að hugsa um að koma mínum hugrenningum að. Svo var ég búin að lesa svo mikið um líf listamanna og þóttist alltaf ætla að fara inn á þessar brautir sjálf þannig að það kom eiginlega ekkert annað til greina en að þetta yrði listakona sem þyrfti að brjótast áfram. Svo vildi ég líka sýna hvernig samfélagið leit á konur sem ætluðu að fara að mála. Það þótti náttúrulega bara ósvinna að vera að hanga yfir þessu. Það er svo gaman að flestir elska list, elska tónlist, myndlist, ritlist - en hver á að búa hana til? Þarna var það kona sem ætlaði að reyna að búa hana til en það var kannski ekki meðtekið af samfélaginu á þeim tíma.

Blóðið flýtur

Pórhildur:

Það hafa líka komið sterk viðbrögð við *Óreiðu á striga*, sem sagt við Karitas eins og hún þróast í *Óreiðu á striga*. Hún náttúrulega svikur öll hefðbundin kvenhlutverk í raun og veru en hún gerir samt ekkert meira eða alvarlegra en margir karlar sem eru haldnir mjög sterkri köllun gera, að þeir velja sjálfa sig og sitt.

Manni er vandi á höndum því þetta er svo víðfeðm bók, hún spannar náttúrulega næstum heila öld og ekki bara líf einnar flókinnar persónu í heila öld, þetta er mikil samfélagslýsing, aldarfarslýsing og þarna er óskaplega stórt persónugallerí karla og kvenna, litríkar persónur þannig að það eru óteljandi spurningar sem væri gaman að spyrja. En af því að tíminn leyfir ekki allt saman þá ætla ég að biðja þig að tala aðeins um táknið í bókinni sem eru mjög mörg, síendurtekin og tengjast mjög annað hvort náttúrunni eða lífi kvenna. Ég gæti náttúrulega tiltekið heilmargt en ætla bara að taka tvö dæmi. Hvíti og rauði liturinn birtast í daglegum störfum, eins og til dæmis þvottum og sláturgerð. Það er mikið af hvítu líni, það er alltaf að koma við sögu með einum

eða öðrum hætti, og það er mikið blóð! Það flýtur stanslaust blóð í bókinni. Það er slátur, fiskar, fuglar og selir eru blóðgaðir, mönnum blæðir og konur binda um sár. Kona slær karlmann til blóðs, karlmenn slasa hver annan. Stríð geisa í einkalífi og þjóða í milli og blóðið flýtur. Ég gæti nefnt fleiri dæmi en tek þessi af því ég held að þau komi oftast fyrir. Segðu okkur aðeins frá þessum táknum og af hverju þau eru þarna?

Kristín Marja:

Jú, þú hittir alveg naglann á höfuðið. Ég veit ekki hvort nokkur hefur tekið eftir því sem hefur lesið bækurnar en í fyrri bókinni glímir hún aðallega við svarta litinn, í þeirri síðari við hvíta litinn. Þessi hvíti litur er nefnilega mjög áberandi. Hvítt lín er tákn fyrir hreinleikann og getur náttúrulega líka táknað dauðann eins og þarna uppi á jöklinum. Þá er hann sem sagt leiðarstefið, hvíti liturinn, gegnum dauðann sem hún verður að kveðja. En línið allt og hvíti liturinn, það er kannski þetta að konan er alltaf að reyna að hreinsa sig og taka þetta í burtu, að verða frjáls. Þetta er líka tákn um ákveðið frelsi en eins og þið vitið þá getur hvíti liturinn getur táknað ýmislegt. Og rauði liturinn er vegna þessara blóðbanda. Ef kona hefur einu sinni eignast barn þá er því ekkert lokið þegar barnið er uppkomið. Það taka við fleiri börn. Þetta er eilífðarvinna.

Ég tók einmitt eftir því í dagbókum þessara listakvenna, þær töluðu aldrei um list sína vegna þess að það eiga allir svo erfitt með að útskýra hana. En þær töluðu mikið um allt þetta fólk sem hafði haft áhrif á þær. Sem var alltaf að toga í þær, fjölskylduna og alla sem áttu samleið með þeim. Þau áhrif eru líka uppspretta listarinnar, þetta er svo magnað. Karitas þurfti líka að glíma við alla fjölskylduna. Það er nefnilega ekkert hægt að skapa list með því að loka sig af. Maður þarf að láta hræra í sér og þarna gerði fjölskyldan það. Og hún lenti í miklum átökum út af fjölskyldu sinni síðar. Hún hélt að þessum átökum væri lokið þegar hún væri búin að koma sínum börnum á legg en þá kom bara eitthvað annað. Og það er kannski það sem rauði liturinn átti að tákna. En hvíti liturinn átti að tákna eitthvað frelsi, að vera laus við eitthvað.

Vatn og ís

Haldór:

En þú nefndir að maður yrði að láta hræra í sér og þú nefndir hvernig þessar bækur verða til á tíunda áratugnum í svona ákveðinni þjóðfélagstemmningu sem þú upplifir þannig. Svo höfum við sjálfsagt mörg lesið mjög harðorða blaðgrein sem þú skrifaðir hér í fyrrihaust eftir hrunið. Segðu okkur, hvernig upplifðir þú þá þróun og það sem við urðum fyrir í fyrri. Var það eins og niðurstaða af einhverri þróun sem þú taldir þig sjá fyrir á tíunda áratugnum?

Kristín Marja:

Já, ég byrjaði að taka eftir þessu, hvernig þessi materialismi byrjaði að blómstra hérna á Íslandi og kannski gat ég skrifað þessa grein vegna þess að ég hafði aldrei tekið þátt í þessu sjálf. Ég hafði bara verið á mínum gamla Yaris, ég kunni ekki að taka þátt í svona og þess vegna gat ég kannski skrifað þetta. En ég var alltaf að bíða eftir þessu hruni. Ég vissi að þetta gat ekkert gengið svona til lengdar, bæði var þjóðfélagið orðið svo leiðinlegt, fólk gat ekki opnað munninn án þess að tala um peninga og mér fannst einhvern veginn öll siðfræði og heimspeki og menning vera einhvers staðar í þriðja klassa. Allt hitt skipti máli og ég var bara ekkert reiðubúin að taka þátt í þessu. Ég hefði náttúrulega alls ekki getað skrifað þessa grein sem blaðamaður. En sem rithöfundur gat ég það vegna þess að rithöfundar hafa engan yfirmann, ekki nema kannski útgefendur sína og lesendurna. Og maður getur náttúrulega tekið sjéns á því að þeir hafni manni einn og einn. Svo kemur þetta alltaf upp sem maður þarf að hugsa um þegar maður er að skrifa. Á ég að fórnna tíma mínum í þetta? Hversu mikið á ég að skipta mér af þjóðfélagsmálum? Hversu margar greinar á ég að skrifa um þetta? Verð ég ekki að fara að snúa mér að bókinni, þar á ég að vera! Rithöfundar eru kannski ekkert hrifnir af flokkspólitík en þeir eru alltaf eitthvað pólitískir. Og þetta er alltaf spurning um hversu mikið á ég að hafa mig í frammi í sambandi við þjóðfélagsmál. Mig langaði oft að skrifa miklu meira en það bara var ekki tími. Það er tíminn sem skiptir alltaf öllu máli.

Haldór:

En þarna hefurðu samt ekki getað orða bundist?

Kristín Marja:

Nei, þarna var ég alveg komin með uppi kok.

Pórhildur:

Kristín Marja er eiginlega eins og völva í þessari grein sem ég er með hérna. Hún talar um stjórnvöld sem hafi svikið, forsætisráðherra, útrásarvíkinga, presta og aðra. Ég ætla ekki að lesa alla greinina en hér segir hún: „Ég frábið mér öll blessunarorð, áminningar og kjaftæði. Ég bið því stjórnvöld að hlífa mér við afsökunum og innihaldslausu bulli. Ég bið auðmenn líka að láta það vera að væla um stöðu sína í fjölmiðlum í von um að fá samúð þjóðarinnar. Ég hef enga samúð með ofangreindum. Mæður hafa aldrei samúð með þeim sem fremja glæpi gagnvart börnum sínum.“

Haldór:

Þetta verður nú ekki mikið betur orðað. En það er eins og Pórhildur sagði, nú er tíminn eiginlega uppurinn hjá okkur en það er þó ekki hægt að sleppa því að segja ykkur frá því að í dag kemur út ný bók sem hér mun fást á eftir og sem þú munt árita alveg í langebaner. Það kemur alltaf upp í manni gamall útgefandi þegar maður sér svona tækifæri! En segðu okkur aðeins um hvað hún er, svona áður en við ljúkum þessu.

Kristín Marja:

Þarna er ég kannski einmitt, eins og þú sagðir, líka svona reið barnanna vegna. Hvers eiga börnin okkar að gjalda? Ég var náttúrulega gamall kennari og ekki nóg með það heldur hef ég alltaf haft gríðarlegan áhuga á uppeldi og hvernig uppeldi mótar persónuleikann. Og í þessari bók er ég eiginlega að fjalla um það, hvernig uppeldið mótar konu.

Þegar ég var blaðakona rabbaði ég oft við konur sem mér fannst hafa náð langt, vera sterkar, konur sem ég dáðist að og fékk þær til að segja mér hvernig þeirra bernska var. Yfirleitt vill fólk tala um bernsku sína. Og mig langaði bara að vita hvernig sterk kona yrði til sem gæti kannski leitt aðra og hjálpað öðrum. Á sama tíma var ég líka að hugsa um hvaða uppeldi þjóðin hefði eiginlega fengið. Vegna þess að mér fannst hið íslenska uppeldi hafa einkennst dálítið mikið af andlegri

hörku. Íslensk börn fá alltaf nóg að borða, líta óskaplega vel út en mér fannst þeirra félagslegu þörfum ekki hafa verið sinnt nógu vel. Og þetta var eitthvað eldgamalt því fyrir svona kannski 50 árum voru börn að sjá soldið mikið um sig sjálf. Þótti ekki bara eðlilegt þá að senda níu ára gamalt barn í sveit? Þetta var þessi harka í uppeldinu og hún virðist enn vera til staðar, bara með öðrum hætti. Og þetta langaði mig að fjalla um í bókinni.

Og svo langaði mig að glíma við tvö element sem ég er alltaf agalega hrifin af og það eru vatnið og ísinn, þegar vatn breytist í ís. Fyrir tveimur árum opnaði ég sýningu, listasýningu í Borgarbókasafninu við Tryggvagötu, þar sem ég valdi sjálf verk eftir nokkra listamenn og svo þegar ég hafði valið verkin þá kom í ljós að þau fjölluðu öll um vatnið, ísinn, tímann, ljósið.

Þetta verður undirspilið í þessari bók. Ég hef alltaf reynt að fá eitthvað undirspil við sálarlíf persónanna.

Haldór:

Þetta verður spennandi fyrir okkur öll að lesa. Mig langar að segja ykkur að fyrir utan bókina sem verður hér til sýnis þá getið þið líka séð sýningu hér fyrir innan sem Þórunn Elísabet Sveinsdóttir hefur gert úr hugar- og myndheimi Karitasar. Hún segir sjálf um þetta: „Það var ekki erfitt að ferðast og láta berast langt, langt inn í heim Karitasar. Sagan dró mig svo langt að ég varð líka Karitas. Var og horfði, lifði og þorði. Óreiðan er bæði lamandi og hvetjandi, út frá því geng ég“.


Þetta getið þið skoðað núna á eftir og svo vil ég þakka kærlega öllum sem komu og öllum sem komu hér fram og sérstaklega auðvitað þér, Kristín Marja, að gefa okkur þessa innsýn frá því þú varst fimm ára á sviði Gúttó að syngja „What am I living for“ og segja okkur svo soldið frá því fyrir hvað þú hefur síðan lifað.

Kærar þakkir.



Umbrot og hönnun / Kristín Póra Guðbjartsdóttir
Hljóðritun / RÚV
Útgefandi / Menningarmiðstöðin Gerðuberg 2013

Samantekt er í samræmi við það sem fram kom á Ritþinginu
og túlkar sjónarmið þeirra sem þar töluðu.



Menningarmiðstöðin Gerðuberg